

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. maí 2007 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,32 kr. á lítra
gasolía	0,76 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,05 kr. á kg
flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1179/2005.

Neytendastofu, 13. apríl 2007.

Tryggvi Axelsson forstjóri.

Gunnar G. Þorsteinsson
formaður stjórnar flutnings-
jöfnunarsjóðs olíuvara.